

Stofnanasamningur

Útgarðs og Barnaverndarstofu

vegna Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga að Stuðlum

1 Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra starfsmanna Stuðla sem njóta ráðningarkjara samkvæmt samkomulagi frá 28. febrúar 2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum þeirra aðildarféлага Bandalags háskólamanna sem samkomulagið tiltekur og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. grein 11 í þeim samningi.

2 Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við starfsmannastefnu Barnaverndarstofu, sem liggur fyrir en yfirmarkmið hennar er að stuðla að því að stofnunin hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki er vinnur af einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem skapar möguleika fyrir það að dafna og vaxa í starfi og samhæfa starf og fjölskyldulíf.

3 Grunnröðun

3.1 Forsendur grunnröðunar starfa

Störfum skal ráðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu, ábyrgð og umfang verkefna. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Handwritten notes in blue ink: "R.", "9/11", "55", and a signature.

3.2 Frekari forsendur röðunar

Launakerfi Meðferðarstöðvar unglinga að Stuðlum byggir á eftirfarandi flokkun starfa:

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Ráðgjafi I	Ráðgjafi á meðferðardeild, hefur tenglaskyldur og meðferðarábyrgð, tekur þátt í grundvallarmeðferð undir leiðsögn deildarstjóra. Ráðgjafi á lokaðri deild. Umönnun skjólstæðinga á lokaðri deild, upplýsingagjöf til forráðamann og barnaverndarnefnda.	1
Ráðgjafi II	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og ráðgjafi I, en hefur auk þess meistarapróf* eða þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	2
Ráðgjafi III	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og ráðgjafi I, en hefur auk þess meistarapróf* og þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	3
Hópstjóri I	Hópstjóri á meðferðardeild, stýrir deild utan reglulegs vinnutíma deildarstjóra, hefur aukna meðferðarábyrgð. Hópstjóri á lokaðri deild, stýrir deild utan reglulegs vinnutíma deildarstjóra. Aukin ábyrgð á samskiptum við bvn og umsjón með skráningu deildarinnar í samráði við deildarstjóra.	3
Hópstjóri II	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og hópstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* eða þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	4
Hópstjóri III	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og hópstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* og þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	5
Deildarstjóri I	Ber ábyrgð á starfsemi og stjórn deildar með verkstjórn annarra starfsmanna.	9
Deildarstjóri II	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og deildarstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* eða þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	10
Deildarstjóri III	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og deildarstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* og þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	11

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Rekstrarstjóri I	Yfirumsjón með fjárhagsstöðu Stuðla, yfirmaður matráðsmanns og móttökuritara, umsjón með tilteknum þáttum starfsmannahalds.	9
Rekstrarstjóri II	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og rekstrarstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* eða þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	10
Rekstrarstjóri III	Starfsmaður fellur undir sömu skilgreiningu og rekstrarstjóri I, en hefur auk þess meistarapróf* og þriggja ára starfsreynslu á Stuðlum.	11

* Til meistaraprófst telst einnig sambærileg menntun þ.e. a.m.k. sami einingafjöldi.

Grunnröðun starfs í ofangreindum launaflokkum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í gr. 3.3 og 3.4.

3.3 Starfsreynsla

Starfsreynsla hjá Barnaverndarstofu skal metin sem álag á launaflokk, þannig að starfsmaður fær eitt álagsþrep eftir:

- 1 árs starf hjá stofnuninni
- 5 ára starf hjá stofnuninni
- 10 ára starf hjá stofnuninni

3.4 Viðbótarmenntun, hæfni og frammistaða

3.4.1 Sér eða viðbótarmenntun

Meta skal sér- eða viðbótarmenntun aðra en meistarapróf* sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi hjá stofnuninni sem álag á launaflokk.

- a) Vegna framhaldsnáms við viðurkenndan skóla á háskólastigi eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Miðað skal við að eins árs nám verði til hækkunar um eitt álagsþrep.
- b) Hafi starfsmaður aflað sér viðbótarmenntunar með því að sækja námskeið í faginu eða með öðrum hætti svo meta megi til eininga, skal meta hana til hækkunar frá grunnröðun sem hér segir:
A.m.k. 150 klukkustundir hækka röðun um eitt álagsþrep.
A.m.k. 300 klukkustundir hækka röðun um eitt álagsþrep.

Hámarkshækkun vegna 3.4.1. eru þrjú álagsþrep.

BS
VR. AS
3
EB

3.4.2 Hæfni og frammistaða

Forstöðumaður getur metið til hækkunar hæfni og frammistöðu starfsmanns. Þeir þættir sem koma til álita í slíku mati eru:

1. Framúrskarandi hæfni við þjónustu skjólstæðinga, fjölskyldur þeirra og aðra samstarfsaðila
2. Hefur sérstaka reynslu sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni
3. Getur sinnt störfum á fleiri en einu af verksviði stofnunarinnar
4. Sýnir áhuga og frumkvæði í starfi, kemur með tillögur um starfið eða nýjar hugmyndir og sýnir nýjum verkefnum virkan áhuga.
5. Sýnir hæfni og frumkvæði til að vinna undir álagi, sem felur í sér líkamlega og andlega áhættu.

Þessi atriði geta jafnframt verið metin til tímabundinnar hækkunar launa.

Hámarkshækkun vegna 3.4.2. eru 2 álagsþrep.

3.5 Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er forstöðumanni að greiða umbun vegna sérverkefna, sérstakrar ábyrgðar eða sérstakra tímabundinna þátta sem ekki hafa áhrif á röðun starfs í launaflokk og ekki falla undir grein 3.4. Hámark umbunar er kr. 30.000.- á mánuði og greiðist hún meðan áhrif þessara þátta vara.

3.6 Námsleyfi

Barnaverndarstofa skal gefa öllum starfsmönnum tækifæri til að viðhalda þekkingu og færni til að mæta framtíðarþörfum stofnunarinnar. Starfsmaður sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið með samþykki stofnunarinnar heldur launum og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað.

3.7 Vísinda og ritstörf

Vísindarannsóknir, ritstörf og fræðsla skulu metin með hliðsjón af fylgiskjali þessa samnings.

4 Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til greinar 11 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.

35

RL 9/15
4 00


5 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006 til 30. apríl 2008. Með samningnum fellur úr gildi eldri stofnanasamningur Barnaverndarstofu vegna Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga að Stuðlum og Útgarðs dags. 20. nóvember 2002.


6 Endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði þessa samkomulags á eins árs fresti á samningstímanum, ef annar aðilinn óskar þess.



Reykjavík,



f.h. Stuðla



f.h. Útgarðs



f.h. Barnaverndarstofu

**Fylgiskjal með stofnanasamningi
þeirra aðildarféлага BHM
sem samkomulag frá 28. febrúar 2005 tiltekur.
og
Barnaverndarstofu.**

Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ýta undir rannsóknarstörf, birtingu fræðilegra greina, fræðslu og að fylgst sé með nýjungum í mælifræðum.

Ljúki starfsmaður umfangsmiklu verkefni, getur hann sótt um aukapóknun, enda hafi honum sannanlega ekki verið greitt að fullu fyrir verkefnið með öðrum hætti. Verkefnið skal vera á verksviði stofnunar og samræmast markmiðum hennar.

Beiðni um aukapóknun skal beina til forstjóra og/eða starfsmannastjóra. Ágreiningi um túlkun geta aðilar vísað til samstarfsnefndar. Nefndin afgreiði málið innan 4 vikna frá því að hún fékk beiðni um aukapóknun til úrskurðar. Komist samstarfsnefndin ekki að niðurstöðu má vísa málinu til sáttanefndar skv. gr. 11.5. í samkomulagi því sem samningur aðila byggir á.

Full aukapóknun (100%) skal miðast við 50% af launaflokki 11 í sameiginlegri launatöflu í Viðauka II við samkomulag það sem samningur aðila byggir á.

Við ákvörðun aukapóknunar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi verkefnaflokkum:

Ritverk:

Erlend fagrit (ritrýnd)	150%
Innlend Fagrit (ritrýnd)	80%
Birting greina og bókarkafla (ákvörðun ritstjórnar)	80%
Rannsóknarskýrslur	40 - 80%
Greinar í innlend rit og dagblöð	20 - 40%
Fyrirlestrar á íslenskum ráðstefnum	30-70%
Fyrirlestrar á erlendum ráðstefnum	50-70%
Samning sértæks fræðsluefnis	30-65%

Þýðingar:

Þýðingar I	30-65%
------------	--------

Með fagriti er átt við innlend og erlend vísindarit, sem birta ritgerðir og greinar einungis eftir sérfræðilega umfjöllun umsagnaraðila (ritrýnd).

Með rannsóknarskýrslu er átt við úttekt á þjónustu, afmörkuðum þáttum starfsemi, eða klíniskum hópum, sem notuð er til ákvörðunar um skipulag þjónustu eða aðra þætti stofnunar (stofnana).

Með þýðingarstarfi I er átt við þýðingar á greinum og fræðiritum.

31
AK
IR
20